



Stjórnarfundur í Þyt, haldinn 20. júní 2019.

Mættir: Gunnar Geir Halldórsson, Gunnar Freyr Gunnarsson, Árni Geir, Magdalena Ásgeirsdóttir og Árni Þór Hilmarsson.

1. Gunnar Geir lagði fram tillögu þess efnis að klúbburinn keypti segultöflu með ýmsum atriðum um ástand báta úti og inni. Samþykkt.
2. Samþykkt að kaupa vél til að halda rampinum hreinum.
3. Rætt og samþykkt að undirbúa smíði á kerru fyrir Þernu. Kostnaður er áætlaður um 600.000. Samþykkt.
4. Lagt var fram tilboð í að smíða 5 Laser kerrur og samþykkt. Skoða.
5. Samþykkt að athuga kostnað við að framleiða barm-merki með merki Þyts til notkunar t.d. við að heiðra félagsmenn. – Samþykkt.
6. Kaup á Quest báti hafa ekki gengið eftir og hefur hann verið seldur til Sigluness.
7. Gunnar Geir tilkynnti að nýju vestin væru komin í notkun og líkuðu vel. Flott.
8. Sending okkar af starfsmannafatnaði er komin og er nú í merkingu. Flott.
9. Rædd þörf á að kaupa nýjan mótör á kjölbát. Samþykkt var að kaupa nýjan mótör.
10. Gunnar Geir skýrði frá samtali við Jón Pétur þess efnis að hann tæki hugsanlega að sér framkvæmd siglingakeppna á miðvikudögum. Samþykkt var að formaður ræddi þennan möguleika betur við Jón Pétur.
11. Æfingarbúðir verða hjá Brokey 29. júní í ár. Rætt hvernig á að standa að þátttöku unglunga frá Þyt.
12. Þjálfaranámskeið stendur yfir. Þrír aðilar frá Þyt sækja námskeiðið þrátt fyrir að það sé mikið álag þar sem allir þessir þrír eru einnig leiðbeinendur á námskeiðum klúbbsins.
13. Önnur mál
 - a. Rædd þöntun á RS Quest báti. Reikningur á leiðinni.
 - b. Upplýst að nokkrir RS bátar stæðu klúbbum til boða.
 - c. Rædd viðhaldsverkefni báta og stöðu þeirra.
 - d. Rædd notkun Wayfarer bátanna með tilliti til þess að þeir gagnist siglingaþróttinni sem best.
 - e. Ræddur framgangur vinnu við Skýjaborgina.
 - f. Samþykkt að kaupa aðgang að NORA kerfinu fyrir formann.
 - g. Gunnar Geir greindi frá vinnufundi með Sindra. Hann mun verða okkur innan handar með tæknileg málefni.
 - h. 17. júní tókst mjög vel og jákvæð orð hafa fallið klúbbum í skaut frá Báru Kristjánsdóttur og Geir Bjarnasyni.

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Gunnar Geir Halldórsson formaður

Siglingaklúbburinn Þytur stofnaður 19. apríl 1975